

Póstur til nemenda sendur 26. febrúar 2021

Til nemenda í dagskóla

*English below

Kæru nemendur

Ný reglugerð um takmörkun á skólastarfi felur í sér ákveðna afléttingu hafta. Grímunotkun er ekki lengur skylda nema þegar ekki er hægt að hafa a.m.k. eins metra bil á milli manna og fleiri mega koma saman í einu rými. Við mælumst samt til áframhaldandi grímunotkunar innan skólans þar sem nám og kennsla í myndlist kallar oft á meiri nánd en nemur þessum eina metra.

Kaffistofan verður nú opin hópum í nærliggjandi heimastofum. Nemendur í sjónlistadeild borða áfram á sínu heimasvæði. Eins og verið hefur er óheimilt að nota tæki og áhöld í eldhúsinu og áfram þarf hver og einn að koma með sitt nesti tilbúið í skólann og neyta þess með eigin áhöldum. Áður en kaffistofan er yfirgefin þarf hver og einn að sótthreinsa borð, stól og aðra snertifleti eftir sig.

Nemendur í diplómanámi mega nú nota verkstæði skólans á meðan kvöldnámskeið skólans standa yfir eða til kl. 20:30 mánudaga til fimmtudaga, kl. 18:00 á föstudögum og laugardaga milli 10:00 og 14:00.

Nemendur í sjónlist fá samskonar heimild þegar vinna hefst við lokaverkefni.

Reglugerðin tók gildi miðvikudaginn 24. febrúar og gildir út skólaárið nema eitthvað óvænt gerist. Við hvetjum því til áframhaldandi varúðar.

Með bestu kveðjum,

Áslaug Thorlacius, skólameistari

.

.

.

Dear students,

A relaxation of COVID-19 measures was announced by the Icelandic government yesterday. The use of masks is no longer mandatory unless a one meter's distance between people is impossible to maintain and now more people may come together in one space. We still recommend the use of masks within the school, as learning and teaching art often requires more closeness than in other subjects.

The student canteen will now be open to groups in adjacent classrooms. Students of sjónlist will continue to eat their lunch in their home area. As before, the use of any of the kitchen's appliances and utensils is not allowed, so students will continue to bring their own food and drinks to school and use their own utensils. Before leaving the canteen, tables, chairs and other contact surfaces must be disinfected.

Students in diploma studies may now use their studio spaces until 20:30 from Mondays to Thursdays, 18:00 on Fridays and between 10:00 and 14:00 on Saturdays. When they start working on their final projects, students of sjónlist will have the same permission.

The regulation came into force on February 24th and is valid until the end of the school year, unless something unexpected happens. We therefore urge continued caution.

Regards,

Áslaug Thorlacius, Headmaster